

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um vinnslu hvalafurða.

1. *Hvaða reglugerðir eru í gildi um fyrirkomulag verkunar á hvalafla og nýtingu hvals til fullnustu og um meðferð hvalafurða, sbr. 5. gr. laga nr. 26/1949?*

Sú reglugerð sem er í gildi er reglugerð nr. 105/1949, um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti. Jafnframt hafa verið sett fyrirmæli af Matvælastofnun um skurð á hvölum og meðferð hvalafurða á grundvelli þessarar reglugerðar.

2. *Hvað var mikill hluti hvers dýrs á vertíðinni 2006–2007 nýttur í vinnslu: a) hvernar veiddrar hrefnu, b) hvernar veiddrar langreyðar?*

Ráðuneytið hefur ekki þessar upplýsingar. Bent er á að leita þeirra hjá fyrirtækinu Hval hf. eða Hrefnuveiðimönnum ehf.

3. *Hve miklar afurðir (í tonnum) fengust að meðaltali af hverju dýri: a) hrefnu, b) langreyði – og hvernig er skipting þeirra í kjöt, spik/rengi, mjöl, lýsi?*

Sjá svar við 2. tölul.

4. *Efhvalafla frá vertíðinni 2006–2007 var ekki eða að litlu leyti unninn í mjöl og lýsi, hver er þá skýringin á því?*

Sjá svar við 2. tölul.

5. *Hvar og samkvæmt hvaða reglum voru hvalhræ á þessum tíma urðuð eða losuð í sjó?*

Um meðferð úrgangs gilda lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerð nr. 783/2003, um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast eftirlit með meðferð úrgangs og því var óskað eftir upplýsingum um þetta efni hjá stofnuninni og er svar hennar eftirfarandi:

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó samkvæmt sömu grein, að fenginni um-sögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- dýpkunarefnum,
- náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvun í landi, enda standi sérstaklega á.

Það sem flutt er í land má því ekki varpa í hafið nema í undantekningartilfellum og með leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun gaf ekki nein slík leyfi fyrir úrgang sem til féll vegna hvalveiða. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um hvort slíkur úrgangur fór beint á viðurkennda urðunarstaði eða í einhverja meðhöndlun eða vinnslu.

Í 24. tölul. 3. gr. laganna, segir hins vegar:

„Varp: Þegar efnum eða hlutum er vísitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sökkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:

- a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
- b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
- c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.“

Það sem til fellur sem úrgangur þegar gert er að dýrunum á sjó fellur utan skilgreiningar á hugtakinu varp samkvæmt framansögðu og því ekki skylt að tilkynna slíkt eða að fá sérstakt leyfi.